

# EES-viðbætur

ISSN 1022-9337

við Stjórnartíðindi  
Evrópusambandsins

**Nr. 17**

10. árgangur

3.4.2003

<b>I</b>	<b>EES-STOFNANIR</b>	
1.	EES-ráðið	
2.	Sameiginlega EES-nefndin	
3.	Sameiginlega EES-þingmannanefndin	
4.	Ráðgjafarnefnd EES	
<b>II</b>	<b>EFTA-STOFNANIR</b>	
1.	Fastanefnd EFTA-ríkjanna	
2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
3.	EFTA-dómstóllinn	
<b>III</b>	<b>EB-STOFNANIR</b>	
1.	Ráðið	
2.	Framkvæmdastjórnin	
<b>2003/EES/17/01</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3135 – SGAM 4D/Guggenheim/IES) .....	1
<b>2003/EES/17/02</b>	Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (Mál nr. COMP/M.3138 — Hamburgische Landesbank/ Landesbank Schleswig-Holstein) .....	2
<b>2003/EES/17/03</b>	Tilkynning um samninga (Mál nr. COMP/D-1/38.606 – Groupement des Cartes bancaires) .....	3
<b>2003/EES/17/04</b>	Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 81. fundi hennar 4. júlí 2000 um frumdrög að ákvörðun varðandi mál COMP/M.1882 – Pirelli/BICC .....	4
<b>2003/EES/17/05</b>	Auglýst eftir tillögum fyrir árið 2003 – Áætlun um aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði almannaeilbrigðis (2003 – 2008) .....	4
<b>2003/EES/17/06</b>	Tilkynning frá breskum stjórnvöldum varðandi tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni .....	4

2003/EES/17/07	Ákvörðun um að leggja á frekari skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli annars vegar allra flugvalla á meginlandinu, annars vegar, og Guadeloupe, Frönsku Gvæana, Martinique og Réunion, hins vegar . . . . .	5
2003/EES/17/08	Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 – Breytingar á áætlunarflugi í Portúgal samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu . . . . .	5
2003/EES/17/09	Áætlunarflug - Útboðslýsing frá sænska samgönguráðuneytinu (Rikstrafíken) í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug á eftirfarandi leiðum: Arvidsjaur-Arlanda/Stokkhólmur, Gällivare-Arlanda/Stokkhólmur, Hemavan-Arlanda/Stokkhólmur, Lcyksele-Arlanda/Stokkhólmur, Storuman (Gunnarn) -Arlanda/Stokkhólmur, Vilhelmina-Arlanda/Stokkhólmur . . . . .	6
2003/EES/17/10	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 72/02 - Þýskaland . . . . .	7
2003/EES/17/11	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 73/02 - Þýskaland . . . . .	7
2003/EES/17/12	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 10/2003 - Holland . . . . .	8
2003/EES/17/13	Ríkisaðstoð - Mál nr. C 12/2003 - Breska konungsríkið . . . . .	8
2003/EES/17/14	Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samhæfingu laga aðildarríkjanna varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum . . . . .	9

**3. Dómstóllinn**

# EB-STOFNANIR

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja  
(Mál nr. COMP/M.3135 – SGAM 4D/Guggenheim/IES)**

**2003/EES/17/01**

### Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 19.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem írski fyrirtækið SGAM 4D, sem stjórnað er af Société Générale (Frakklandi), og Guggenheim consultadoria e Servicos Lda (Guggenheim) Portúgal, öðlast í skilningi b-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar, sameiginleg yfirráð yfir fyrirtækinu Italiana Energia e Servizi SpA (IES), Ítalíu, með kaupum á hlutum í tengslum við hlutafjárútkningu í IES.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - SGAM 4D: fjárfestingarfyrirtæki með samval hlutabréfa, einkum í olíu- og gasiðnaðinum,
  - Société Générale: franskur banki sem býður almenna þjónustu, eignastjórnun, þjónustu á sviði fjárfestinga og fyrirtækjafjármögnun,
  - Guggenheim: endurskoðunar- og fjármálaþjónusta, fyrirtækjaráðgjöf og eignastjórnun,
  - IES: hreinsun, markaðssetning, útvegum og flutningur á hreinsaðri olíu.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 76, 28.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3135 – SGAM 4D/Guggenheim/IES, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja**  
**(Mál nr. COMP/M.3138 – Hamburgische Landesbank/Landesbank Schleswig-Holstein)**

2003/EES/17/02

**Mál sem hugsanlega verður tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð**

1. Framkvæmdastjórninni barst 24.3.2003 tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1310/97 <sup>(2)</sup>, þar sem fyrirtækin Hamburgische Landesbank Girozentrale og Landesbank Schleswig-Holstein Girozentrale Kiel sameinast í skilningi a-liðar 1. mgr. 3. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.
2. Viðskiptastarfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
  - Hamburgische Landesbank Girozentrale: bankaþjónusta,
  - Landesbank Schleswig-Holstein Girozentrale Kiel: bankaþjónusta.
3. Að undangenginni frumkönnun telur framkvæmdastjórnin að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið reglugerðar (EBE) nr. 4064/89. Þó er lokaákvörðun um þetta atriði frestað um sinn. Með hliðsjón af tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinna samfylkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4064/89 <sup>(3)</sup> er rétt að benda á að til greina kemur að taka þetta mál til meðferðar samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í henni.
4. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða aðgerð á framfæri við sig.

Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 77, 29.3.2003. Athugasemdirnar má senda til framkvæmdastjórnarinnar um bréfasíma (nr. +32 2 296 43 01 eða 296 72 44) eða í pósti, með tilvísun til máls COMP/M.3138 – Hamburgische Landesbank/Landesbank Schleswig-Holstein, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate B – Merger Task Force  
Rue Joseph II/Jozef II-straat 70  
B-1049 Bruxelles/Brussel.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 395, 30.12.1989, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 257, 21.9.1990, bls. 13.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 180, 9.7.1997, bls. 1, leiðrétt í Stjtið. EB L 40, 13.2.1998, bls. 17.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB C 217, 29.7.2000, bls. 32.

**Tilkynning um samninga**  
**(Mál nr. COMP/D-1/38.606 – Groupement des Cartes bancaires)**

2003/EES/17/03

1. Framkvæmdastjórninni barst 31. janúar 2003 tilkynning samkvæmt 2. og 4. gr. reglugerðar ráðsins nr. 17 frá Groupement des Cartes bancaires, hagsmunasamtökum sem starfa samkvæmt frönskum lögum (hér á eftir kölluð „samtökin“), um tiltekna breytingar á reglum um banka sem eiga aðild að viðkomandi samtökum, einkum að því er varðar félagsgjöld nýrra meðlima og skipulag kaupviðskipta (*mécanisme de régulation de la fonction acquéreur* („MERFA“)).
2. Samtökin mynda stofnun milli banka sem meðal annars ber ábyrgð á stjórnun greiðslukortakerfisins „CB“ og setningu reglna um þetta kerfi.
3. Breytingarnar, sem voru samþykktar 8. nóvember 2002 af stjórn samtakanna (sem í eru fulltrúar ellefu banka sem komu á fót CB-kerfinu) og tilkynntar meðlimum samtakanna vegna gildistöku þeirra 1. janúar 2003, voru samþykktar á aðalfundi þeirra 20. desember 2002.
4. Að undangenginni forkönnun telur framkvæmdastjórnin að tilkynntir samningar geti fallið undir gildissvið reglugerðar nr. 17.
5. Framkvæmdastjórnin gefur þriðju aðilum, sem eiga hagsmuna að gæta, kost á að koma hugsanlegum athugasemdum sínum varðandi fyrirhugaða samninga á framfæri við sig.
6. Athugasemdir verða að hafa borist framkvæmdastjórninni innan 30 daga frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB C 79, 2.4.2003. Þær má senda með tölvupósti með tilvísun til COMP/D-1/38.606 – Groupement des Cartes bancaires eða í pósti, á eftirfarandi heimilisfang:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate D  
Unit D-1 (Financial services)  
B-1049 Bruxelles

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 79, 2.4.2003.

**Álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá  
81. fundi hennar 4. júlí 2000 um frumdrög að ákvörðun varðandi  
mál COMP/M.1882 – Pirelli/BICC**

2003/EES/17/04

Framkvæmdastjórnin hefur birt álit ráðgjafarnefndarinnar um samfylkingu fyrirtækja frá 81. fundi hennar 4. júlí 2000 um frumdrög að ákvörðun varðandi mál COMP/M.1882 – Pirelli/BICC.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 59, 14.3.2003.

**Auglýst eftir tillögum fyrir árið 2003 – Áætlun um aðgerðaráætlun  
bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis (2003 – 2008)**

2003/EES/17/05

Framkvæmdastjórnin hefur auglýst eftir tillögum fyrir árið 2003 - Áætlun um aðgerðaráætlun bandalagsins á sviði almannaheilbrigðis (2003 – 2008).

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 62, 15.3.2003.

**Tilkynning frá breskum stjórnvöldum varðandi tilskipun Evrópuþingsins  
og ráðsins 94/22/EB frá 30. maí 1994 um skilyrði fyrir veitingu og notkun  
leyfa til að leita að, rannsaka og vinna kolvatnsefni**

2003/EES/17/06

VIÐSKIPTA- OG IÐNAÐARRÁÐUNEYTIÐ

THE PETROLEUM (PRODUCTION) (SEAWARD AREAS) REGULATIONS 1988

SÉRSTÖK ÚTHLUTUN UTAN LEYFISLOTUNNAR FYRIR OLÍUBORUNARSVÆÐIÐ 13/26B

Í samræmi við reglugerðir um jarðolíu (the Petroleum (Production) (Seaward Areas) Regulations 1988) (S.I. 1988 nr. 1213), með áorðnum breytingum (reglugerðir frá 1988) og reglugerðir til framkvæmdar á tilskipun 94/22/EB (the Hydrocarbons Licensing Directive Regulation 1995 (S.I. 1995 nr. 1434), býður viðskipta- og iðnaðarráðherra þeim sem áhuga hafa að sækja um vinnsluleyfi fyrir oliuborunarsvæði 13/26b. Ítarlegt yfirlit yfir oliuborunarsvæðin sem leyfi hafa ekki verið veitt fyrir er sýnt á kortum í bókasafni viðskipta- og iðnaðarráðuneytisins (Department of Trade and Industry Library). Hægt er að fá aðgang að kortunum samkvæmt beiðni milli kl 9.15 og 16.45 frá mánudegi til föstudags til 17. júní 2003. Þessar upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu oliu- og gasskrifstofunnar (Oil and Gas Directorate) ([www.og.dti.gov.uk](http://www.og.dti.gov.uk)).

Umsóknir skulu sendar til Department of Trade and Industry, 1 Victoria Street, London SW1H0ET og kostar hver umsókn 2 820 £. Umsóknir skulu hafa borist viðskipta- og iðnaðarráðuneytinu fyrir kl 13.00, 17. júní 2003 (staðartími). Ekki verður tekið á móti umsóknum sem berast eftir þann tíma.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 58, 13.3.2003.

**Ákvörðun um að leggja á frekari skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli annars vegar allra flugvalla á meginlandinu, annars vegar, og Guadeloupe, Frönsku Gvæana, Martinique og Réunion, hins vegar** **2003/EES/17/07**

Frönsk stjórnvöld ákveðið að bæta við skyldur um opinbera þjónustu í áætlunarflugi milli annars vegar allra flugvalla á meginlandinu og hins vegar Guadeloupe, Frönsku Gvæana, Martinique og Réunion, sbr. tilkynningu sem birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna* C 243 frá 9. ágúst 1997, tilvísun 97/C 243/02 í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins <sup>(1)</sup>.

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 69, 22.3.2003.

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92** **2003/EES/17/08**

**Breytingar á áætlunarflugi í Portúgal samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu**

Samkvæmt auglýsingu framkvæmdastjórnarinnar (2001/C 271/03) frá 26. september 2001 hafa portúgölsk stjórnvöld endurskoðað fargjöld í áætlunarflugi samkvæmt skyldum um opinbera þjónustu á eftirfarandi leiðum:

- Lissabon/Ponta Delgada/Lissabon
- Lissabon/Terceira/Lisbon
- Lissabon/Horta/Lisbon
- Funchal/Ponta Delgada/Funchal
- Oporto/Ponta Delgada/Oporto

Sjá nánar í Stjtið. ESB C 75, 23.3.2003.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.

## Áætlunarflug

2003/EES/17/09

Útboðslýsing frá sænska samgönguráðuneytinu (Rikstrafiken) í samræmi við d-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 varðandi áætlunarflug á eftirfarandi leiðum:

Arvidsjaur-Arlanda/Stokkhólmur  
Gällivare-Arlanda/Stokkhólmur  
Hemavan-Arlanda/Stokkhólmur  
Lcyksele-Arlanda/Stokkhólmur  
Storuman (Gunnarn) -Arlanda/Stokkhólmur  
Vilhelmina-Arlanda/Stokkhólmur

Í samræmi við a-lið 1. mgr. 4. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 2408/92 frá 23. júlí 1992 um aðgang bandalagsflugfélaga að flugleiðum innan bandalagsins <sup>(1)</sup> ákváðu sænsk stjórnvöld þann 20. desember 2001 að hefja áætlunarflug samkvæmt skyldu um opinbera þjónustu á fyrrnefndum leiðum.

Skilyrðin fyrir rekstri þessa áætlunarflugs voru birt í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 106, 3.5.2002.

Ef ekkert flugfélag hefur tilkynnt sænsku flugmálastjórninni (Luftfartsverket), innan níu mánaða frá útboðslokum, um að það ætli að reka áætlunarflug á fyrrnefndum leiðum, í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu, og án þess að fara fram á bætur, hafa sænsk stjórnvöld ákveðið að takmarka aðgang að leiðunum við eitt flugfélag. Rétturinn til að veita þjónustu á einhverri þessara leiða verður boðinn út í almennu útboði í samræmi við málsmeðferðina í d-lið 1. mgr. 4. gr. fyrrnefndrar reglugerðar. Þann 10. janúar 2002 gáfu sænsk stjórnvöld samgönguráðuneytinu (Rikstrafiken) fyrirmæli um að hefja útboð á þessum leiðum.

Útboðið varðar rekstur frá 28. mars 2004 þar til breyting verður á tímaáætlun í október 2006 vegna áætlunarflugs á fyrrnefndum leiðum í samræmi við skyldur um opinbera þjónustu sem bitar voru í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* C 106 frá 3. maí 2002.

Öll útboðsgögn, sem hafa að geyma sérstakar reglur um útboðið, samningsskilyrði, lýsing á skyldum um opinbera þjónustu, tölfræðilegar upplýsingar um farþega, ákvæði um hæfniskröfur sem og tilboðseyðublöð, fást að kostnaðarlausu hjá:

Rikstrafiken  
Esplanaden 11  
Box 473  
S-85106 Sundsvall

eða hjá:

[Elisabeth.forslin@rikstrafiken.se](mailto:Elisabeth.forslin@rikstrafiken.se)

Sími: 0046 60 67 82 50  
Bréfasími: 00 46 60 67 82 51

Tilboðin skulu berast samgönguráðuneytinu (Rikstrafiken) eigi síðar en 29. apríl 2003. Tilboð skulu merkt „Invitation to tender for air services, reference number Rt 2003-46/31“ og heiti bjóðanda. Heimilt er að senda þau í pósti eða boðsend til samgönguráðuneytisins á fyrrnefnt heimilisfang:

Samgönguráðuneytið er opið frá mánudegi til föstudags milli kl 8.00 til 16.00.

Tilboð og öll gögn verða að vera á sænsku eða ensku og lögð fram í frumriti og tveimur afritum.

Tilboð sem send eru um bréfasíma eða tölvupósti verða ekki tekin til greina.

Sjá nánar í Stjttíð. ESB C 75, 27.3.2003.

<sup>(1)</sup> Stjttíð. EB L 240, 24.8.1992, bls. 8.



**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 72/02**  
**Þýskaland**

2003/EES/17/10

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna fjármagnsflutninga í tengslum við Landesbank Schleswig-Holstein – Girozentrale. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 76 frá 28.3.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate H  
J-70  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila sem leggur fram athugasemdir sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 73/02**  
**Þýskaland**

2003/EES/17/11

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna fjármagnsflutninga í tengslum við Landesbank Hessen-Thüringen Girozentrale. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 72 frá 26.3.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate-General for Competition  
Directorate H  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Þýskaland. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila sem leggur fram athugasemdir sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 10/2003**  
**Holland**

2003/EES/17/12

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna styrkja til skemmtibátahafna sem ekki eru reknar í hagnaðarskyni. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 69 frá 22.3.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Competition DG  
State Aid Greffe  
J-70  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Holland. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila sem leggur fram athugasemdir sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Ríkisaðstoð**  
**Mál nr. C 12/2003**  
**Breska konungsríkið**

2003/EES/17/13

Framkvæmdastjórnin hefur ákveðið að hefja málsmeðferð samkvæmt 2. mgr. 88. gr. EB-sáttmálans vegna undanþágu frá loftlagsbreytingasköttum á metan frá kolanámustarfssemi. Sjá nánar í Stjtið. ESB C 69 frá 22.3.2003.

Framkvæmdastjórnin veitir hér með aðildarríkjum EES og öðrum hagsmunaaðilum frest til að koma athugasemdum sínum varðandi þessar ráðstafanir á framfæri, innan eins mánaðar frá birtingu þessarar tilkynningar í Stjtið. ESB, við:

European Commission  
Directorate General for Competition  
Directorate G  
B-1049 Brussels

Bréfasími: (0032-2) 296 12 42

Athugasemdunum verður komið á framfæri við Breska konungsríkið. Heimilt er að fara skriflega fram á að farið verði með heiti þess hagsmunaaðila sem leggur fram athugasemdir sem trúnaðarmál, enda sé beiðnin rökstudd.

**Orðsending framkvæmdastjórnarinnar innan ramma framkvæmdar á tilskipun 2003/EES/17/14  
Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB frá 23. mars 1994 um samþæfingu laga aðildarríkjanna  
varðandi búnað og öryggiskerfi sem eru ætluð til notkunar á sprengihættustöðum**

*(Birting titla og tilvísana í samþætta staðla samkvæmt tilskipuninni)*

Evrópsk staðlastofnun <sup>(1)</sup>	Tilvísun og titill staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi	Dagur sem hætta skal að ganga út frá samræmi við staðalinn sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
CEN	EN 1127-1:1997 Sprengihættustaðir – Forvarnir og vernd gegn sprengingum – 1. hluti: Grunnhugtök og aðferðafræði		Engin	–
CEN	EN 1127-2:2002 Sprengihættustaðir – Forvarnir og varnir gegn sprengingum – 2. hluti: Grunnhugtök og aðferðafræði í námuvinnslu		Engin	–
CEN	EN 1755:2000 Öryggi vinnuvéla í iðnaði – Notkun á sprengihættustöðum – Notkun þar sem eldfimar lofttegundir, gufur, úði eða ryk eru í loftinu		Engin	–
CEN	EN 1834-1:2000 Stimpilbrunahreyflar – Öryggiskröfur um hönnun og smíði véla til nota á sprengihættustöðum – 1. hluti: Vélar í hópi II til nota þar sem eldfimar lofttegundir og gufur eru í loftinu		Engin	–
CEN	EN 1834-2:2000 Stimpilbrunahreyflar – Öryggiskröfur um hönnun og smíði véla til nota á sprengihættustöðum – 2. hluti: Vélar af hópi I til nota við vinnu neðanjarðar þar sem hætta er á eldfimu gasi og/eða ryki		Engin	–
CEN	EN 1834-3:2000 Stimpilbrunahreyflar – Öryggiskröfur um hönnun og smíði véla til nota á sprengihættustöðum – 3. hluti: Vélar af hópi II til nota þar sem eldfimt ryk er fyrir hendi		Engin	–
CEN	EN 12874:2001 Logagildirur – Frammistöðukröfur, prófunaraðferðir og notkunartakmörk		Engin	–
CEN	EN 13012:2001 Bensínstöðvar – Samsetning og frammistaða sjálfvirkra áfyllingarstúta til notkunar á eldsneytisælum		Engin	–
CEN	EN 13463-1:2001 Órafmagnaður búnaður til nota á sprengihættustöðum – 1. hluti: Grunnáðferð og kröfur		Engin	–

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 204, 21.7.1998.

Evrópsk staðlastofnun (1)	Tilvísun og titill staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi við staðalinn sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 50014:1997 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Almennar kröfur Breyting A1:1999 á EN 50014:1997 Breyting A2:1999 á EN 50014:1997		Engin  Athugasemd 3 Athugasemd 3	– – –
Cenelec	EN 50015:1998 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Olíufylling „o“		Engin	–
Cenelec	EN 50017:1998 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Sallafylling „q“		Engin	–
Cenelec	EN 50018:2000 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Logatraustar umlykjur „d“ Breyting A1:2001 á EN 50018:2000		Engin  Athugasemd 3	–  30.6.2003
Cenelec	EN 50019:2000 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Aukið öryggi „e“		Engin	–
Cenelec	EN 50020:2002 Raftæki fyrir sprengihættustaði – Sjálftrygg útfærsla „i“		Engin	–
Cenelec	EN 50021:1999 Raftæki til nota á sprengihættustöðum – Varnartilhögun „n“		Engin	–
Cenelec	EN 50054:1998 Rafmagnstæki til að greina og mæla eldfimar lofttegundir – Almennar kröfur og prófunaraðferðir		Engin	–
Cenelec	EN 50055:1998 Rafmagnstæki til að greina og mæla eldfimar lofttegundir – Nothæfiskröfur vegna búnaðar í flokki I sem sýnir allt að 5% (miðað við rúmmál) af metani í lofti		Engin	–
Cenelec	EN 50056:1998 Rafmagnstæki til að greina og mæla eldfimar lofttegundir – Nothæfiskröfur vegna búnaðar í flokki I sem sýnir allt að 100% (miðað við rúmmál) af metani í lofti		Engin	–
Cenelec	EN 50057:1998 Rafbúnaður til að nema og mæla eldfimar lofttegundir – Nothæfiskröfur til búnaðar í flokki II með mælisvið allt að 100% af lægri sprengimörkum		Engin	–

Evrópsk staðlastofnun (¹)	Tilvísun og titill staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi	Dagur sem hættu skal að ganga út frá samræmi við staðalinn sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 50058:1998 Rafbúnaður til að nema og mæla eldfimar lofttegundir – Nothæfiskröfur til búnaðar í flokki II með mælisvið allt að 100% hlutfalli (v/v) gass		Engin	–
Cenelec	EN 50104:1998 Rafbúnaður til að nema og mæla súrefni – Nothæfiskröfur og prófunaraðferðir		Engin	–
Cenelec	EN 50241-1:1999 Forskrift fyrir búnað með opna mælibraut til að greina eldfimar eða eittraðar lofttegundir eða gufur – 1. hluti: Almennar kröfur og prófunaraðferðir		Engin	–
Cenelec	EN 50241-2:1999 Forskrift fyrir búnað með opna mælibraut til að greina eldfimar eða eittraðar lofttegundir eða gufur – 2. hluti: Nothæfiskröfur vegna búnaðar til að greina eldfimar lofttegundir		Engin	–
Cenelec	EN 50281-1:1998 Raftæki til nota þar sem eldfimt ryk er fyrir hendi – Hluti 1-1: Raftæki varin með umlykju – Smíði og prófanir + Leiðrétting 8.1999 Breyting A1:2002 á EN 50281-1-1:1998		Engin  Athugasemd 3	–  1.12.2004
Cenelec	EN 50281-1-2:1998 Raftæki til nota þar sem eldfimt ryk er fyrir hendi – Hluti 1-2: Raftæki varin með umlykju – Val, ísetning og viðhald + Leiðrétting 12.1999 Breyting A1:2002 á EN 50281-1-2:1998		Engin  Athugasemd 3	–  1.12.2004
Cenelec	EN 20281-2-1:1998 Raftæki til nota þar sem eldfimt ryk er fyrir hendi – 2. hluti: Prófunaraðferðir – 1. þáttur: Aðferðir til að ákvarða lágsta íkveikjuhitastig ryks		Engin	–
Cenelec	EN 50284: 1999 Sérstakar kröfur vegna smíði, prófunar og merkinga raftækja í tækjahópi II, flokki 1G		Engin	–
Cenelec	EN 50303:2000 Hópur I, Búnaður í flokki M1 sem ætlað er að vera starfhæfur í andrúmslofti þar sem hættu stafar af kolanámugasi og/eða kolaryki		Engin	–

Evrópsk staðlastofnun <sup>(1)</sup>	Tilvísun og titill staðalsins	Tilvísunarskjal	Tilvísun í staðalinn sem leystur er af hólmi	Dagur sem hætta skal að ganga út frá samræmi við staðalinn sem leystur er af hólmi Athugasemd 1
Cenelec	EN 62013-1:2002 Hjálmljós til nota í námum þar sem hætta er á eldfimu gasi – 1. hluti: Almennar kröfur - Gerð og prófun með hliðsjón af sprengihættu	IEC 62013-1:1999 (Breytt)	Engin	–

<sup>(1)</sup> OEN: European Standardisation Organisation

- CEN: rue de Stassart/Stassartstraat 36, B-1050 Brussels; sími: (32-2) 550 07 11, bréfasími: (32-2) 550 08 19 (<http://www.cenorm.be>).
- Cenelec: rue de Stassart/Stassartstraat 35, B-1050 Brussels; sími: (32-2) 519 68 71, bréfasími: (32-2) 519 69 19 (<http://www.cenelec.be>).
- ETSI: F-06921 Sophia-Antipolis Cedex France; sími: (33-0) 492 94 42 00, bréfasími: (33-0) 493 65 47 16 (<http://www.etsi.org>).

Athugasemd 1: Yfirleitt er dagurinn sem hætt er að ganga út frá samræmi afturköllunardagurinn sem evrópska staðlastofnunin ákveður, en athygli notenda staðlanna er vakin á því að í tilteknum undantekningartilvikum kann þessu að vera öðruvísi háttað.

Athugasemd 3: Þegar um er að ræða breytingar er staðallinn sem vísað er til EN CCCC:YYYY, áorðnar breytingar á honum, ef einhverjar eru, og nýja breytingin sem getið er um. Staðallinn sem leystur er af hólmi (4. dálkur) er því EN CCCC:YYYY ásamt áorðnum breytingum, ef einhverjar eru, en án nýju breytingarinnar sem getið er um. Frá og með tilgreindum degi er ekki hægt að ganga út frá að staðallinn sé í samræmi við grunnkröfur tilskipunarinnar.

- *Dæmi:* UM EN 50014:1997 gildir eftirfarandi:

Cenelec	EN 50014:1997 Raftæki fyrir sprengihættustaði - Almennar kröfur (Staðallinn sem vísað er til er EN 50014:1997)		Engin (Enginn staðall er leystur af hólmi)	–
	Breyting A1:1999 á EN 50014:1997 (Staðallinn sem vísað er til er EN 50014:1997 +A1:1999 á EN 50014:1997)		Athugasemd 3 (Staðallinn sem leystur er af hólmi er EN 50014:1997)	–
	Breyting A2:1999 á EN 50014:1997 (Staðallinn sem vísað er til er EN 50014:1997 +A1:1999 á EN 50014:1997 +A2:1999 á EN 50014:1997)		Athugasemd 3 (Staðallinn sem leystur er af hólmi er EN 50014:1997 +A1:1999 á EN 50014:1997)	–

*Athugasemd:*

- Allar upplýsingar varðandi fyrirliggjandi staðla má fá annaðhvort hjá evrópskum staðlasamtökum eða innlendum staðlastofnunum en skrá yfir þær er að finna í viðauka við tilskipun ráðsins 98/34/EBE<sup>(1)</sup> frá 22. júní 1998, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 98/48/EB<sup>(2)</sup>.
- Birting tilvísana í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* þýðir ekki að unnt sé að fá staðlana á öllum tungumálum bandalagsins.
- Framkvæmdastjórnin annast uppfærslu skrárinnar.
- Þessi skrá kemur í stað fyrri skráa sem hafa birst í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

<sup>(1)</sup> Stjóð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

<sup>(2)</sup> Stjóð. EB L 217, 5.8.1998, bls. 18.